



33. fundur stjórnar LH 2024-2026
11. febrúar 2026 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Ólafur Þórisson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Jón Þorberg Steindórsson, Hilmar Guðmannsson, Reynir Atli Jónsson

Forföll boðuðu: Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Fjarverandi: Sóley Margeirsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mætt: Þórdís Anna Gylfadóttir

1. Reiðskóli fatlaðara – Þórdís Anna Gylfadóttir verkefnastjóri Reiðskóla fatlaðra - sjá fylgiskjal

Verkefnastjóri kynnti áfangaskýrslu nefndar um stofnun Reiðskóla fatlaðra.

Verkefnið miðar að því að gera hestamennsku og reiðkennslu aðgengilegri fyrir fatlaða einstaklinga. Markmið reiðskólans er að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra í hestamennsku, efla vellíðan og lífsgæði þeirra í gegnum reiðkennslu og hestaíþróttir sem hæfa þörfum þeirra.

Með stofnun þessa verkefnis, sem starfar undir merkjum LH, gætum við dreift álaginu á milli félaganna, mætt síaukinni eftirspurn og aukið fjölbreytni námsins. Hugmyndin er að hestamannafélögin í landinu munu koma að verkefninu í samstarfi við LH, en verkefninu verði stýrt af verkefnastjóra. Verkefnið mun stuðla að aukinni notkun mannvirkja hestamannafélaganna auk þess sem verkefnið er atvinnuskapandi fyrir menntaða leiðbeinendur og reiðkennara. Verkefnið mun einnig varpa enn skýrara ljósi á mikilvægi íslenska hestsins og hestaíþróttinni í samfélaginu, sérstöðu hans og fjölbreytni fyrir mismunandi hópa innan samfélagsins.

Næsta skref er að taka samtöl við þau Hestamannafélög sem hafa lýst yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu og kynna verkefnið fyrir Íþróttasambandi fatlaðra og fyrir sveitarfélögunum.

Afgreiðsla: Stjórn lýsir yfir ánægju með áfangaskýrslu um Reiðskóla fatlaðra og tekur frekari umræðu um framhaldið.

Þórdís Anna vikur af fundi.

2. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar – frestað

3. Verkefni síðastliðinna vikna – framkvæmdastj. og formaður

Skipulagsmál:

Erindi vegna skipulagsmála hafa borist skrifstofu síðustu vikur, sjá dagskrárlið 7. Einnig hefur Hestamannafélagið Sleipnir óskað eftir liðsinni LH í viðræðum við Vegagerðina og Sveitarfélagið Árborg um undirgöng fyrir ríðandi umferð í tengslum við nýja Ölfusárbrú austan Selfoss.



Fréttir af reiðveganefnd:

Umsóknarferli um skiptingu reiðvegafjár 2026 er í gangi, félög geta sent inn umsóknir til 1. mars. Félögin hafa frest til 15. febrúar að skila greinargerð um framkvæmdir ársins 2025. Um 1 millj. kr. var ónýtt af reiðvegafé ársins 2025 og færist sú upphæð yfir á núverandi ár til úthlutaunar. Þannig er um 101 millj. kr. til úthlutunar á árinu.

Skógarhólar

Stjórn Skógarhóla hittist og fór yfir stöðuna á verkefnum og viðhaldi. Það var talsvert minni umferð af hestum árið 2026 miðað við árin á undan en gistinætur svipaðar að fjölda og afkoma ársins 2025 er nálægt núlli.

Fundir framundan hjá ÍSí

Stefnumótun – LH og fleiri sérsambönd hafa verið boðuð á vinnustofuna „Samfélag“, en aðrar vinnustofur eru „afrek“ og „grasrót“.
Afrekssjóður – reglubundnir samráðsfundirnir eru haldnir með afrekssjóði.

Upptökur af Landsmótum 2022 og 2024

Klipping á myndefni af Landsmótum 2022 og 2024 er í vinnslu.

4. FEIF þingið helstu punktar

Umræður á ráðstefnunni voru góðar. Ísland á sterka fulltúra í öllum nefndum nema Leisure Riding nefndinni en fulltrúi Íslands í nefndinni gaf ekki kost á sér til endukjörs.

Erindi var haldið um eggjatöku úr hryssum til tækknifrjógvunar. Formaður LH mun óska eftir fundi með formönnum Norðurlanda og kynbótageirann á Íslandi til að ræða það mál frekar og hvetja til að settar verði reglur innan FEIF um tækknifrjógvanir á hryssum.

Tillögur frá Norðurlandaþjóðum voru allar samþykktar. Stofnaður verður vinnuhópur um Gæðingakeppni, lyfjatest á knöpum og samþykkt var ályktun um sjálfbærni Heimsmeistaramóts og aðbúnað dómara á HM.

Stofnaður var vinnuhópur um gjöld aðildarlanda í FEIF og var gjaldkeri LH skipaður í þann hóp, en gjald aðildarlanda er mjög ójafnt eftir stærð landanna.

Fundur NIHC verður haldinn á Íslandi í byrjun október.

Afgreiðsla: Óskað er eftir samantekt af nefndafundum frá fulltrúum Íslands í nefndum FEIF.

5. Starfsmannamál

Umræða varð um starfsmannamál.

6. Sameining Hólaskóla og Háskóla Íslands – Umsögn LH við frv. um háskólasamstæður- sjá fylgiskjal

Umsögn var send til atvinnu- og menntamálanefndar Alþingis.

7. Reiðleiðir í Mosfellsbæ – Umsögn LH við áform um stækkun golfvallar - sjá fylgiskjal

Drög að umsögn LH við deiliskipulag um stækkun Hlíðarvallar í Mosfellsbæ. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að golfbrautir liggi beggja vegna núverandi reiðvegjar á löngum kafla. Slík tilhögun myndi ógna verulega öryggi ríðandi umferðar um svæðið.



Afgreiðsla: Samþykkt. Öryggisnefnd LH og Reiðveganefnd LH senda einnig inn umsagnir.

8. Undirbúningur fyrir Landsþing 2026

Hestamannafélagið Léttir mun halda Landsþing 30. október til 1. nóv. í Brekkuskóla á Akureyri.

a. *Tillögur frá stjórn*

Skoða þarf hvaða breytingartillögur stjórn vill leggja fram. Laganefnd hefur þegar hafið endurkoðun á kafla í lögum LH um Landsþing.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að taka saman lista yfir hugsanlegar laga- og reglugerðarbreytingar fyrir næsta fund.

b. **Starfshópar sem skipaðir voru eftir Landsþing 2024 og skila eiga tillögum fyrir Landsþing 2026 eru hvattir til að ljúka sínum störfum sem fyrst.**

9. Nefndir - umræða um nefndir

Útbreiðslu- og nýliðunarnefnd: Birna Tryggvadóttir hefur sagt sig úr nefndinni.

Gagnlegt væri að endurskoða nefndir og nefndastörf reglulega, hvaða nefndir eru virkar og nauðsynlegar og hvort einhverjar nefndir hafi lokið sínu hlutverki.

10. Dagskrá funda 2026

Næsti fundur verður staðfundur mandamus 9. mars kl. 17-20.

11. Önnur mál

a. **Starfshópur um endurskoðun á reglugerð um eftirlitsdómara**

Nefndina skipa: Linda Björk Gunnlaugsdóttir, Jón Þorberg Steindórsson, Ólafur Þórisson, G. Snorri Ólason og Hinrik Sig er starfsmaður nefndarinnar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Formaður viku af fundi.

RG viku af fundi.

b. *Laun formanns*

Vísað er til samþykktar af Landsþingi 2022 um heimild stjórnar LH til að semja við formann um hæfilega greiðslu fyrir sérstakt átak í völdum verkefnum. Núverandi formaður hefur ekki þegið laun frá því að hún tók við embætti, en framkvæmdastjóri leggur til að formanni verði greiddar verktakagreiðslur frá og með 1. janúar 2026, líkt og fordæmi er fyrir frá tíð fyrri formanns. Lagt er til að vinnuframlag formanns sé metið sem 20% starfshlutfall að jafnaði skv. samningi þessum og taki mið af launum framkvæmdastjóra.

Afgreiðsla: Samþykkt. Framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að ganga frá verktakasamningi við formann skv. ofangreindum forsendum, frá og með 1. janúar 2026 fram að Landsþingi 2026.

Fundi slitið kl. 21.47

